

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. febrúar 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

3. marz 1965.

Nr. 7.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 89. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til stefnuvotta fyrir hverja birtingu. Þóknun ásamt endurgjaldi fyrir ferðakostnað greiðir sá, sem beiðzt hefur birtingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi numin 5. gr. laga nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Gjört í Reykjavík, 3. marz 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.